

Ed.

198. Framvarp

til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Frá 1. jan. 1930 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef tóbaksbirgðir eru eigi að álitu tollstjóra meiri en svo, að hæfilegur

forði sje handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 13. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfjelögum, öðrum verslunarfjelögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Um tóbakssöluna setur ríkisstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það sje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Nafn verslunarinnar skal vera »Tóbakseinkasala ríkisins«.

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölnnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbrjef.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvornig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1930, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. sept. 1929 skal ríkisstjórninni vera heimilt að banna allan innflutning tóbaks, nema sjerstakt leyfi hennar komi til.

7. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að fyrirmæli laga 16. nóv. 1907 um tollvörugæmslu og tollgreiðslufrest skuli að því er allskonar tóbak snertir falla úr gildi frá 1. sept. 1929, og getur ríkisstjórnin þá krafist tafarlausrar greiðslu á öllum ógreiddum tolli af tóbaki, er þá kann að vera í tollgæmslu.

8. gr.

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hjer á landi, án tolls. Tóbak til sauðjárbaðana selst án hagnaðar.

9. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tóbakið er fyrst flutt í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem tolllög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð og að greiðslurnar megri fara fram á ákveðnum tímum, t. d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölnunnar, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum skal ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

11. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af tóbaki fyrirleggjandi í Reykjavík. Kostnað af sendingu tóbaksins innanlands greiði viðskiftamenn. Þantað tóbak getur tóbakseinkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

12. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

13. gr.

Umbúðir allra tóbakstegunda, sem tóbakseinkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðsjárlækninga, skulu vera merktar með álimdum miðum, er á sje letrað »Tóbakseinkasala ríkisins«.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt frá 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngrí refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skal tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, gert upptækt og afhendist tóbakseinkasölnunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

15. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Þegar lögin um einkasölu á tóbaki voru numin úr gildi á þinginu 1925, var tollurinn á tóbaki, eins og kunnugt er, hækkaður úr 10 upp í 16 krónur á vindlum og vindlingum, en úr 5 upp í 6 krónur á munntóbaki, neftóbaki og reyktóbaki. Tollhækkun þessari, sem nam 60% á vindlum og vindlingum, en 20% á öðru tóbaki, mun hafa verið ætlað að bæta ríkissjóði tekjumissi þann, verslunarhagnaðinn af tóbakseinkasölnunni, er ríkissjóður varð fyrir við afnám einkasölnunnar, en sá verslunarhagnaður nam árið 1925 kr. 490268,24, auk kr. 32215,41, er fór til greiðslu útsvara. Tóbakseinkasalan greiddi 1925 í ríkissjóð í toll kr. 647792,00, svo að tekjur ríkissjóðs nrðu það ár af tóbaki samtals kr. 1138061,14. Formælendur einkasölnunnar töldu, að jafnvel þessi mikla tollhækkun mundi ekki nægja til að bæta ríkissjóði tekjumissinn. Máske yrðu tekjurnar af tollhækkuninni jafnmiklar hagnaðinum á einkasölnunni á fyrsta ári (1926), en strax að því loknu

myndi það sýna sig, að ríkissjóður myndi tapa allt að 1/4 milljón króna árlega á afnámi einkasölnunnar. Árið 1926 varð innborgaður tóbakstollur svo 1135000 kr., eða nálega sama og allar tekjur ríkissjóðs af tóbaki 1925, en 1927 er innborgaður tollur af tóbaki nál. 200 þús. kr. minni, eða um 950000 kr. Þess ber þó að gæta, að árið 1927 var fremur hagstætt verslunarár. Árið 1928 lítur út fyrir, að innborgaður tollur muni nema ca. 1050 þús. kr., eða nál. 100 þús. kr. minna en 1926, en innflutningurinn 1928 mun vera óvenjumikill sökum góðæris. Það virðist því mega ganga út frá því með vissu, að tekjur ríkissjóðs sjeu um 200 þús. kr. minni nú árlega en þær hefðu orðið, ef einkasalan hefði staðið.

Nú skal nánar athugað, hvernig einkasala mundi bera sig, ef gengið er út frá innflutningi tóbaks árin 1926, 1927 og 1928, *núverandi verðlagi á tóbaki í heildsölu og rekstrarkostnaði eftir núverandi verðlagi.*

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar hefir innflutningur tóbaks árin 1922—1927 verið:

	1922	Þungi	Verð
Neftóbak	32290 kg.	kr.	450247
Reyktóbak	3547 —	—	45666
Munntóbak	16186 —	—	232227
Vindlar	2608 —	—	83260
Vindlingar	10443 —	—	168099
Samtals tóbak	52023 kg.	kr.	728140
Samtals vindlar og vindlingar ...	13051 —	—	251359
			<u>kr. 979499</u>

	1923		
Neftóbak	43463 kg.	kr.	501390
Reyktóbak	6573 —	—	73986
Munntóbak	24558 —	—	308370
Vindlar	2850 —	—	100398
Vindlingar	13171 —	—	211062
Samtals tóbak	74594 kg.	kr.	883746
Samtals vindlar og vindlingar ...	16021 —	—	311460
			<u>kr. 1195206</u>

	1924		
Neftóbak	41339 kg.	kr.	475560
Reyktóbak	10505 —	—	110555
Munntóbak	21534 —	—	267198
Vindlar	4000 —	—	121015
Vindlingar	13860 —	—	193423
Samtals tóbak	73378 kg.	kr.	853313
Samtals vindlar og vindlingar ...	17860 —	—	314438
			<u>kr. 1167751</u>

					1925		
Neftóbak	40047 kg.	kr.	436420
Reyktóbak	10506 —	—	81737
Munntóbak	22955 —	—	265783
Vindlar	4902 —	—	139717
Vindlingar	24168 —	—	254456
Samtals tóbak	73508 kg.	kr.	783940
Samtals vindlar og vindlingar	29070 --	—	394173
							<u>kr. 1178113</u>

					1926		
Neftóbak	49570 kg.	kr.	478636
Reyktóbak	22702 —	—	176920
Munntóbak	29023 —	—	303758
Vindlar	9716 —	—	297591
Vindlingar	32378 —	—	307044
Samtals tóbak	101295 kg.	kr.	959314
Samtals vindlar og vindlingar	42094 —	—	604635
							<u>kr. 1563949</u>

					1927		
Neftóbak	35214 kg.	kr.	355429
Reyktóbak	12416 --	--	86478
Munntóbak	21480 —	—	233253
Vindlar	5675 —	—	155278
Vindlingar	25768 —	—	222460
Samtals tóbak	69110 kg.	kr.	675160
Samtals vindlar og vindlingar	31443 —	--	377738
							<u>kr. 1052898</u>

Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins var innborgaður tollur 3 fyrstu fjórðunga ársins 1928 orðinn 788454 kr., sem er ca. 10% hærrí upp- hæð en $\frac{3}{4}$ hlutar innborgaðs tolls 1927. Virðist því mega ganga út frá því, að innflutningur tóbaks sje ca. 10% meiri 1928 en 1927, eða sje 10% bætt við þunga og innkaupsverð innflutts tóbaks 1927, verður tóbaksinnflutningurinn 1928 þannig:

Tóbak	76548 kg.	kr. 742676
Vindlar og vindlingar	34587 —	— 415571
		<u>kr. 1158187</u>

Verðmæti innflutts tóbaks árin 1926—1928 er þá samtals 3775034 kr., eða 1258345 kr. að meðaltali á ári. Allur innflutningstollur af tóbaki nemur samtals þessi 3 ár 3214402 kr., eða 1070467 kr. að meðaltali á ári. Innborgaður tollur þessi 3 ár nemur samtals 3135000 kr., eða 1045000 kr. á ári. Af tóbaki því, er var innflutt árið 1926, lá um áramót 1926-27 í tollgeymslum vörumagn, er greiða skyldi af 146000 kr. í toll. Verðmæti innflutts tóbaks samtals þessi 3 ár plús

tolli, er skyldi greiða af því, nemur samtals 6989436 kr., en þar sem gera má ráð fyrir, að ca. 300—400 þús. króna birgðir sjeu til í landinn nmfram birgðirnar um áramót 1925-26, verður meðaltal verðmætis innflutnings plús tolli ca. 2200000 kr. árlega, ef aðeins hefðn legið jafnmiklar birgðir í landinu á hverjum tíma og voru til 1. jan. 1926, en varla er ástæða til að álíta, að einkasala hefði þurft að liggja með mikið meiri birgðir, Birgðir einkasölunnar, er hún hætti, munu hafa verið ca. 200000 kr., og voru þær mestmegnis seldar 3 síðustu daga ársins 1925. Það virðist því mega gera ráð fyrir því, að innflutningur tóbaks næstu árin verði (innkaupsverð tóbaks komið í hús plús tolli) ca. 2200000 kr. að meðaltali, en á fyrsta ári eftir að einkasala tæki aftur við mætti ganga út frá, að hann yrði ca. 300000 kr. minni vegna of mikilla fyrirbyggjandi birgða, en strax á næsta ári þar á eftir ætti hann að ná sjer npp í 2200000 kr., þetta alt að því tilskildu, að innkaupsverð á tóbaki hækki ekki og að mismunur verði ekki á innflutningi einstakra tegunda tóbaks. Undanfarið hefir innflutningur neftóbaks farið minkandi, en innflutningur vindlinga (og vindla að nokkru leyti) farið vaxandi. Haldi sú breyting áfram að eiga sjer stað, hækkar tollurinn að miklum mun, og þess ber í því sambandi að gæta, að álagning á vindlinga er mun meiri en á neftóbak, og ætti því innkaupsverð og tollur samanlagt, plús heildsöluálagningu væntanlegrar einkasölu, að hækka er frá líði, án þess að verðlag einkasölunnar hækkaði frá því, sem nú er.

Álagning einkasölu.

Miðað við þá álagningu, sem nú á sjer stað hjá heildverslunum, er með tóbak versla, má ganga út frá því, að einkasalan mnni geta lagt ca. 12% á innkaupsverð vörunnar (kominnar í hús), plús tolli, eða ef um væri að ræða kr. 2200000 upphæð, sem lagt væri á, þá yrði brúttóhagnaður einkasölunnar:

12% af kr. 2200000.00 kr. 264000.00

Rekstrarkostnaður tóbakseinkasölu ætti, eftir því sem reynsla er fengin fyrir, ekki að fara fram úr 100 þús. kr. á ári.

Sje gengið út frá 264000 kr. brúttóhagnaði, verðnr nettóhagnaðurinn kr. 164500.00. Ef innkaupsverð og tollur næmu til samans aðeins ca. 1900 þús. kr. á fyrsta ári einkasölunnar, yrði hagnaðurinn kr. 36000.00 minni, eða kr. 128500.00. Við útreikninginn á brúttóhagnaði hjer að framan er tekið tillit til mögulegrar rýrnunar á birgðum.

Merking á tóbakinu.

Að sjálfsögðu yrði sama nauðsyn og áður á því að merkja allt það tóbak, sem einkasalan flytur inn. Þá merkingu mun vera auðvelt að fá framkvæmda af verksmiðjunum erlendis án nokkurs kostnaðar fyrir rikissjóð.

Kostnaður rikissjóðs við tollmerkingu þá, sem nú fer fram, var:

Árið 1926: Í Reykjavík	kr.	25122.90
Annarsstaðar á Íslandi		??
Tollmiðarnir er ókunnugt hvað kostuðu.		
Árið 1927: Í Reykjavík	kr.	24129.54
Annarsstaðar á landinn	—	986.00
		<u>kr. 25115.54</u>

Tollmiðarnir er ókunnugt hvað kostuðu.

Án þess að hægt sje að segja með vissu, hvað tollmiðarnir kosta árlega, þá verður sá kostnaður varla minni en kr. 5000.00 árlega. Við upptökn einkasölu sparast rikissjóði auk þessa frá því, sem nú er:

1. Kaup gæslumanns tóbakstollgeymslanna í Reykjavík ca. 3000 kr.
2. 1/2 kaup eins starfsmanns í skrifstofu tollstjóra í Reykjavík, er varla má ætla lægra en 2400 kr.

Þessi sparnaður verður því varla minni árlega en:

Kr. 25100.00	spöruð tollálíming.
— 5000.00	ca. sparaðir tollmiðar.
— 5400.00	vinnusparnaður í skrifstofu tollstjóra.
<u>Kr. 35500.00</u>	alls.

Beinn hagnaður rikissjóðs af upptöku einkasölnunnar ætti þá fyrsta árið að geta orðið:

Kr. 128500.00	verslunararður.
— 35500.00	sparaður kostnaður.
<u>Kr. 164000.00</u>	

Og síðan á ári:

Kr. 164500.00	verslunararður.
— 35500.00	sparaður kostnaður.
<u>Kr. 200000.00</u>	

Jafnvel þótt gert væri ráð fyrir, að innkaupsverð tóbaks plús tolli yrði eitthvert árið eigi meira en t. d. 1500 þús. kr., þá yrði nettóarður einkasölnunnar þó aldrei minni en ca. 85 þús. kr. Þar sem frekar er varlega áætlaður arðurinn hér að framan, má jafnvel vænta þess, að nettóarðurinn gæti farið upp í 1/4 milj. kr. á ári. Hefir reynslan sannað það, sem formælendur einkasölu á tóbaki hjeldu fram, er lögin yorn afnummin 1925, að það er alt að 1/4 milj. kr. tap árlega fyrir rikissjóð að hafa ekki einkasölu á tóbaki, enda þótt haldið sje nákvæmlega sama heildsöluverði á tóbaki undir einkasöln og það hefir verið í frjálsri samkeppi síðastliðin 3 ár. Er sanni næst, að af afnámi einkasölnunnar 1925 stafi 600—800 þús. kr. tekjumissir fyrir rikissjóð á árunum 1926—1929.

Obeinn hagnaður.

Ánk þess má telja ýmsan óbeinan hagnað fyrir ríkið að einkasölu, svo sem:

1. Minna af veltufje landsmanna bundið í þarfittlum verslunarrekstri.
2. Betri og bagkvæmari innkaup.
3. Minna vinnnafl bundið í landinu við þarfittinn verslunarrekstur.

Tollheimta undir einkasölufyrirkomulagi.

Það mætti segja, að einfaldast væri, að einkasalan skilaði sjálf tollinum beint í ríkissjóð. En ef Alþingi þykir eðlilegra, að tollheimta fari öll fram gegnum núverandi tollstjóra, virðist mega á sama standi, þótt tollurinn sje gerður upp við viðkomandi tollstjóra. Nær því allur tollurinn var undir síðustu einkasölu greiddur í Reykjavík. Það, sem greiða þarf úti á landi, er venjulega algerlega vandalaust að reikna út, en öll vinnan, sem ætla mætti að gengi í útreikning og greiðslu á tollinum í Reykjavík, tekur varla meira en 3—4 tíma á mánuði fyrir einn mann í tollstjóraskrifstofnunni. Eugin bein ástæða virðist vera til að breyta nndirstöðu tollsins eða tollinum pr. kg., meðan Alþingi ætlast til, að ríkissjóður hafi hlutfallslega sömu tekjur af tóbakstollinum og áður.

Skipulag einkasölnunnar.

Meðan ekki hefir verið sett á stofn sjerstök landsverslun undir sjálfstæðri stjórn, er kosin væri af Alþingi, eða jafnvel fulltrúum atvinnuveganna, og sem tóbakseinkasala gæti orðið ein grein af, virðist einfaldast, að tóbakseinkasalan heyri beint undir ríkisstjórnina (væntanlega fjármálaráðuneytið), og skipi hún forstöðnmann einkasölnunnar. Hvort rjett er, að ríkisstjórnin skipi einnig endurskodendur eða að þeir sjen kosnir af Alþingi til einhvers ákveðins tíma, getur verið álitamál.

Rekstrarfje.

Varla ætti einkasalan að þurfa mikils rekstrarfjár við, þar sem andvelt mnn að fá tóbakið lánað erlendis frá 3—6 mánuði, og hinsvegar ólíklegt, að ráðlegt þætti að fara inn á þá braut að veita innlendum kaupendum tóbaksins langan gjaldfrest á því. Nokkra upphæð mun þó þurfa í byrjun, sem ætti fljótt að vera hægt að endurgreiða. Væri heppilegt að leggja fyrstu árin vissan hluta arðsins í varasjóð, sem gæti svo verið rekstrarfje einkasölnunnar. En ólíklegt, að rekstrarfje það, er þyrfti að leggja einkasölnunni til á fyrsta ári, myndi á nokkrum tíma þurfa að fara fram úr 250 þús. kr.